





Mikilvægi sumarlesturs

Að viðhalda lestrarfærninni

Reynsla kennara hefur sýnt að mikilvægt er að nemendur viðhaldi lestrarfærninni í sumarfríinu. Lestur er eins og „íþróttir“ um leið og markvissri iðkun er hætt minnkar liðleikinn, hraðinn og sjálfvirknin. Í byrjun nýs skólaárs tekur langan tíma að ná fyrri leshraða. Það getur jafnvel tekið nemendur sem eru með lestrarerfiðleika tvo til þrjá mánuði að ná upp fyrri getu ef þeir hafa ekkert æft sig í sumarfríinu.

Á eftirfarandi línuritum má sjá lestrarárangur tveggja nemenda, árin 2014 – 2016, sem fæddir eru árið 2006. Annar nemandinn er með skilgreinda lestrarerfiðleika. Augljóst er að báðum nemendum fer aftur í [leshraða](#) yfir sumarmánuðina. Því er afar mikilvægt að viðhalda lestrarfærni barna yfir sumartímann.



Því hvetjum við **ALLA** foreldra til að sýna gott fordæmi og hvetja börnin sín til að **LESA, LESA** með þeim og **LESA** sjálfir í sumarfríinu. Því **LESTUR EYKUR:**

Orðaforða
Ímyndunarafl
Forvitni
Spurningar
Gleði
Kunnáttu
Víðsýni
Stafsetningu
Málvitund
O.m.fl.

Á heimasíðu okkar (skolaust.is) eru nokkrar hugmyndir um hvernig hægt er að gera „sumarlesturinn“ að skemmtilegu verkefni, sem öll fjölskyldan tekur þátt í.

Með bestu kveðju og ósk um að þið eigið öll
gott og spennandi lestrarsumar
Starfsfólk Skólaskrifstofu Austurlands

